

AUGLÝSING

81

9. nóv.

um samkomulag milli Íslands og Bretlands um afnám vegabréfsáritana.

Í framhaldi af samkomulagi milli Íslands og Bretlands frá 20. júní 1947 (Stj.tíð. A. 101/1947) var hinn 26. október 1948 undirritað samkomulag um afnám vegabréfsáritana fyrir íslenska ríkisborgara, er ferðast vilja til brezkra nýlendna.

Samkomulag þetta gengur í gildi hinn 10. nóvember 1948.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 9. nóvember 1948.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

L Ö G

82

13. nóv.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku handa ríkissjóði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 15 milljón króna innanríkislán handa ríkissjóði. Skal fé þessu varið til greiðslu á lausaskuldum ríkissjóðs. Tilhögun lánsútboðsins skal nánar ákveðin með reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. nóvember 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

L Ö G

83

26. nóv.

um skattfrelsi vinninga o. fl. varðandi happdrættislán ríkissjóðs.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Nú ákveður fjármálaráðherra að nota gildandi lagaheimildir til lántöku fyrir ríkissjóð á þann hátt, að út verði boðin happdrættislán, og skulu þá vinningar þeirra undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári, sem þeir falla til útborgunar.